

# DÝRIN Í NORÐFIRÐI

FRÆÐSLU OG LITABÓK

LILJA FANNEY JÓNSDÓTTIR









# Grágæs

Grágæs er stærsta gæsin sem kemur til Íslands. Grágæs er grábrún og dökk á bakinu og aftan á hálsinum en ljós á bringu og maga. Karlkynið og kvenkynið eru kærustupör og eru alltaf saman og hjálpast að við að hugsa um ungana. Grágæsir eru yfirleitt í hópum og fljúga í oddaflugi og skiptast á að vera fremst.

Þær borða gras og stundum ber á haustin.

Þær eru aðallega farfuglar en veturseta héraendis hefur aukist á síðustu árum. Þær gæsir sem fara, fara til Bretlandseyja, flestar fara til Skotlands en nokkrar til Írlands og Englands. Þessir farfuglar koma til Íslands í lok mars og fara héðan í lok október.






# Heiðlóa

Heiðlóan er farfugl sem kemur til Íslands í apríl og fer aftur í nóvember. Þegar hún er ekki á Íslandi er hún í Vestur-Evrópu. Flestar lóur fara til Írlands en sumar fara til Frakklands, Spánar eða Portúgal. Lóa er gul og dökk á bakinu, svört á maganum og á milli litana er hvít rönd. Lóan borðar snigla, orma og skordýr.

Helmingur af öllum lóum í heiminum koma til Íslands á sumrin og verpa eggjum hérna.









# Hvalur

Það eru allskonar tegundir hvala við strendur landsins og fullorðnir hvalir geta verið allt á milli 10 metrar og 30 metrar en það fer eftir tegund. Hvalir eru spendýr sem þróuðust frá landdýrum fyrir mörgum milljónum ára. dæmi um hvalategundir eru hrefna, háhyrningur og steypireyður. Vegna þess að hvalir eru spendýr en ekki eins og venjulegir fiskar þurfa þeir að fara upp úr sjónum til að anda. Hvalir eru rándýr og borða fiska og önnur dýr í sjónum.





# Jaðrakan


Jaðrakan er farfugl sem finnst í votlendi og á láglandi. Hann er með langar lappir, langan háls og langan gogg. Hann er rauðbrúnn á höfðinu, hálsinum og bringunni en brúnn og mynstraður á bakinu.

Jaðrakan borðar hryggleysingja upp úr mýrum eða leirum og hann borðar líka jurtafæðu eins og ber og fræ.

Jaðrakan kemur hingað í apríl og fer aftur í september. Jaðrakan fer aðallega til Vestur-Evrópu t.d. Írlands, Spánar, Marokkó og Portúgals.








# Refur

Refir eru rándýr af hundaættum. Tófa eða Melrakki er eina vilta refategundin á Íslandi. Tófan kom til Íslands í lok ísaldar sem var fyrir 10 þúsund árum. Tófur hafa tvo aðalliti, hvítur og mórauður. Hvítu tófurnar eru hvítar á veturna en á sumrin eru þær dökkgráar á bakinu og ljósgráar á maganum. Mórauðu tófurnar eru dökkbrúnar allt árið en samt ljósari á veturna. 2/3 refa á Íslandi eru mórauðir.







# Rjúpa


Rjúpa er í ættbálki hænsnfugla og er þá skyld kalkúnum og hænum ásamt mörgum öðrum fuglategundum. Á sumrin er bak rjúpnanna flekkótt gult og dökkt eða grátt og dökkt.

Á veturna eru rjúpur hvítar með rauðan blett fyrir ofan augun. Einkenni rjúpu er fætturnir því þeir eru loðnir og fótsporin því sérstök. Rjúpur eru staðfuglar og eru á Íslandi allt árið. Varp- og ungatími þeirra er milli júní og september og oft eru um 10 til 12 egg í hverju hreiðri.

Rjúpan er jurtaæta og borðar blóm, laufblöð, ber, stöngla, og fleira.








# Selur


Landselur er tegund af sel sem getur orðið 2 metrar að lengd og 100 kíló að þyngd þegar þeir eru fullorðnir.

Landselir eru algengustu selirnir á Íslandi og eiga þeir það til að koma í Norðfjörð. Urta er kvenkynsselur og kópur er barnaselur. Urta fæðir einn kóp á ári, í júní og hefur hann hjá sér í 3-4 vikur.

Landselir borða smáþorsk, síli, loðnu, síld, flatfisk, karfa, steinbít og ufsa.








# Spói

Spói er farfugl sem er hér á Íslandi milli maí og september. Spói er vaðfugl og hefur langar fætur og er grábrúnn á baki og bringu og dökkbrúnn á höfði. Það sem einkennir spóann er að goggurinn er boginn og langur og svo er söngur hans mjög einkennandi.

Spói borðar skordýr eins og köngulær, orma, snigla og ber. Á veturna er spóinn aðallega í Vestur-Afríku og en sumir þeirra á Spáni og Portúgal.








# Þorskur

Þorskur er fiskur sem finnst í sjónum, bæði við bryggjur og langt úti á sjó. Þorskar sem eru við bryggjur eru litlir og léttir en þeir sem eru langt úti á sjó geta orðið allt að 50 kíló. Þegar þorskar eru ungir eru þeir oft rauðir eða brúnir en þegar þeir verða eldri eru þeir gulgráir með dökkum flekkum. Það sem einkennir þorsk er skeggið á hökunni, skeggið notar þorskurinn til að leita af mat á sjávarbotninum. Litlir þorskar borða aðallega hryggleysingja eins og marflær og rækjur en stórir þorskar borða loðnu og síli.








# Æðarfugl

Æðarfugl er algengasta önd landsins og nánast er eingöngu að finna hana á sjó eða nálægt honum. Karlkynsfuglarnir heita blikar og þeir eru svartir og hvítir með gulan gogg. Kvenkynsfuglarnir heita kollur og dökkbrúnar. Fuglarnir eru yfirleitt saman í hópum og stundum rosalega stórum.

Æðarfuglar eru mjög góðir kafarar og kræklingar, krossfiskar og krabbadýr eru þeirra fæði.

Æðarfugl er staðfugl og er hérlendis allt árið í kringum strendur landsins.







Höfundur er Lilja Fanney Jónsdóttir



Þessi bók er unnin sem lokaverkefni  
til stúdentprófs í Verkmenntaskóla  
Austurlands vorið 2023

Þakkir til Önnu Bjarnadóttur og annara sem hjálpuðu  
til við þessa bók.